

Klippið trjágróður

frá stéttum og stígum

Garðyrkjustjóri vill hvetja lóðarhafa til að huga að gróðri á lóðarmörkum.

Trjá- og runnagróður sem vex út fyrir lóðarmörk eða slútir yfir getur þrengt að umferð á götum, gangstéttum eða stígum.

Í þeim tilvikum þarf að snyrta gróðurinn þannig að allir komist ferða sinna án hindrana.

Lóðarhafa er skylt að halda vexti trjáa eða runna á lóðinni innan lóðarmarka. Sinni hann því ekki og þar sem vöxtur trjáa eða runna fer út fyrir lóðarmörk við götu, gangstíga eða opin svæði er Garðabæ heimilt að láta fjarlægja þann hluta er truflun eða óprýði veldur, á kostnað lóðarhafa að undangenginni aðvörun.

Lesi má um trjá- og runnaklippingar á vef Garðabæjar: www.gardabaer.is

Lögð er áhersla á góða samvinnu við lóðarhafa og upplýsingagjöf.

